9.9.1979

Mér er ætlad ad tala hér lítideitt um Frikirkjusöfnudinn í Gaulverjabæ og prestinn sem honum þjánadi frá Árslokum 1909 og framá sumarid 1916, en þad fór saman, sofnadarstarfid og prestsþjónustu tímium. En til þess ad gera þetta skiljanlegt verdur ad rekja forsögunna lítilleza.

Fyrir tæpum 20 árum, þann 8. nóvember 1959, vorum vid stödd á þessum sama stad í tilefni 50 ára byggingar afmælis kirkjunnar hér, og flutti vid þad tækifæri sóknarpreturinn, séra Magnús Gudjónsson, mjög frödlegt erindi um sögu Gaulverjabæjar, lendnámsmanninn er þar bjó, hoff hinn gamla Ormsson af Gaulum, nidja hans, og í framanhaldi af því gat sr. Magnús margra merkis presta er þar hafa setid, enkum þeirra er þar hafa setid eftir sidaskifti, en alls munu hafa setid stadinn 34 prestar. „Flest rök hníga ad því ad kirkja hafi snemma verid reist ad Gaulverjabæ, jafnvel ad Gaulverjabær hafi verid prestssetur og kirkjustadur frá öndverdri kristni" segir séra Magnús, en erindi hans birtist í Kirjuritinu 1960, júníheftid, bls. 263-275, og vitnast til þess hér. Í sömu heimild segir: „Þegar prófastur Árnessprófastsdæmis, sem þá var séra Valdimar Briem, visiterar Gaulverjabæjarkirkju 1907, skrifar hann um

hana: „haklez", en sú kirkja hafði verið reist 1845, þessvegna er nú farið að hugsa til kirkjusmíðar", segir séra Magnús.
Vel má vera að áhugi hafi verið fyrir hendi en samt gerist ekkert á nœsta sumri, þ.e. 1908 ~~Hann það að skírast af því er síðar segir,~~ en í bili er þess að geta að við árslokin 1908, gerðist sá atburður sem gerði kirkjubyggingu óhjákvœmileza. Það var aðfararnótt hins 28. desember, að hés gekk yfir eitt af meiriháttar sumanstórviðrum sem hér má vœnta einusinni til tvisvar á öld að minstakosti, og í þetta sinn með þeim afleiðingum að 5 kirkjur á Suðurlandi ýmist fuku, eða skektust af grunni, svo að ekki varð undanvikist um endurbyggingu.
Var kirkjan í Gaulverjarbœ ein þessara, því er það að sumarið 1909 rís hér af grunni nýtt kirkjuhús, og er „vígt til síns mikla og hálleita ottunarverks þann 21. nóvember það ár" eins og séra Magnús Eudjónsson kemst að orði í hinni ádur tilvitnuðu rœðu í Kirkjuritinu, bls. 274. Af sínum alkunna dugnaði endurreistu Gaulverjar þarna á einu sumi guðsþjónustuhús ~~sitt~~ sitt, sjálfumsés til sóma, og guði til dýrðar, húsið uppgert að ytrabyrði á síðasta ári, en í engu breytt, ber hátt yfir umhverfi sitt og líklegt til að

geta þjónað sínu hálegta ottunarverki
en um langan aldur, nj óti það sömu aldar
í umgengni og umsjár og hingað til, og við höfum
öll augum borið í dag.

hana: „haklez", en sú kirkja hafði verið reist 1845, þessvegna er nú farið ad hugsa til kirkjusmíðar", segir séra Magnús.
Vel má vera ad áhugi hafi verið fyrir hendi en samt gerist ekkert á nœsta sumri, þ.e. 1908, ~~Hann þad ad skiraust af því er síðar segir,~~ en í bili er þess ad geta ad við árslokin 1908, gerðist sá atburður sem gerði kirkjubyggingu óhjákvœmileza. Þad var ádfararnótt hins 28. desember, ad hés gekk yfir eitt af meiriháttar sunnanstórviðrum sem hér má vœnta einusinni til tvisvar á öld ad minstakosti, og í þetta sinn med þeim afleiðingum ad 5 kirkjur á Suðurlandi ymist fuku, eða skektust af grunni, svo ad ekki vard undanvikist um endurbyggingu.
Var kirkjan í Gaulverjarbœ ein þessara, því er þad ad sumarið 1909 rís hér af grunni nýtt kirkjuhús, og er „vígt til síns mikla og hálleite altunarverks þann 21. nóvember þad ár" eins og séra Magnús Guðjónsson kemst ad orði í hinni ádur tilvitnuðu rœðu í Kirkjuritinu, bls. 274. Af sínum alkunna dugnaði endurreistu Gaulverjar þarna á einu sumri guðsþjónustuhús ~~sitt~~ sitt, sjálfumsés til sóma, og guði til dýrðar, húsið uyggast ad ytrabyrði á síðasta ári, en í engu breytt, ber hátt yfir umhverfi sitt og líklegt til ad

en
Hinar kirkjurnar voru:

Ad Breiðabólsstad í Fljótshlíð
" Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi
" Hrepphólum í Hrunamannahr.
" Reykjum í Ölfusi.

Kirkjur þessar voru allar endurbyggðar á sama stad, nema kirkjan ad Reykjum. Sú kirkja hafði verið annexía frá Arnarbœli, en þar var kirkja og prestssetur frá því fyrir 1400. Med Stjórnarráðsbrefi 17. júlí 1909 eru Arnarbœlis og Reykjasóknir sameinaðar, og ákveðið ad ein kirkja skuli byggð á Kotströnd fyrir báða ~~söfnud~~-sóknir.

Eins og ýmsum ykkar mun kunnugt eru
Sóknarlýsingar Árnesssýslu í þannveginn að
koma út. Ég hef undir höndum lýsingu-~~[illegible]~~ [illegible]
Gaulverjabæjarsóknar ritaða af séra Jakob Árnasyn
prófarsti í Gaulverjabæ, en hann þjónaði braudinu
á árunum 1799 til 1855. Bæf hans til hins
Íslenska Bókmenntafélags er dagsett að Gaul-
verjabæ 24. febrúar 1840. Þar segir um presta-
kallið: „Gaulverjabæjarprestakall í Árnesssýslu
liggur þar sydst við sjóinn .... milli Ölvesár
og Þjórsár. Við þann vestasta bæ í sóknimni, er
kallast Óseyrarnes, er ferjustaður yfir um
Ölvesá rétt við sjóinn.... Skammt upp
með Ölvesá liggur Óseyrarness landeign,
en þá tekur við að ofan Kaldaðarneskirju-
sókn og skiptir sóknunum takmörk
landareignanna á svokallari Breiðumýri....
svo að segja eftir henni miðri, þangað til
kemur austur undir Hróarsholt, merkisbæinn
þá beygjast sóknarmörkin niður á við, milli
Villingaholts- og Gaulverjabæjarsókna-bæja?
til landsuðurs fram í Þjórsá milli
Traustholtshóla og Fljótshóla". Hér líkur
tilvitnun, og þarf engan kunnugan að undra þótt
staðurinn - eða braudið, væri eftirsótt og
að hingað bærust höfðingsmenn svipmiklir
og til forystu fallnir, bæði í kirkju- og að
héraðsmálum. Jörðin var stórbýli á fornaviisu,
~~[illegible]~~ í jarðamatinu frá 1861 metin á 38,53 hundruð

þegar medaljördin í þessari sveit er metin á sem
næst 10 hundrud. Svo botist annexían vid,
Stokkseyrarhreppur hinn forni allur, ~~[illegible]~~
med einni kirkju, Stokkseyri, því kirkja
var ekki byggd á Eyrbakka fyrr en 1892, en
þessi skipan hélst til 1. maí 1856 er Stokks-
eyri vard sjálfstætt prestakall. ~~Áfram er~~
~~Gaulverjabær prestssetur ad lögum og vild, allt~~
~~framm til 16. november 1907 ad prestakallid er~~
~~med bregttri lögjöf lagt nidur og kallinu~~
~~skipt, þannig ad Gaulverjabær lyggst undir~~
~~Stokkseyri en Villingaholt, sem ádur var~~
~~annexía frá Gaulverjabær fellur til þjónustu~~
~~undi Hraungerdisprest, og presturinn,~~
~~séra Einar Pálsson hinn virti, fór þegar á~~
~~næsta árg~~] og í stad Stokkseyrar er þá
og á sama tíma lagt undir sledinn sem annexía
hin forna kirkjusókn ~~og prestssetur~~. Villingaholt,
en þar hafdi pestur setid frá því snemma á
14. öld og haft sem annexía kirkju er þá var
í Hróarsholti, en nú lagdist til Hraungerdis.
Kirkjan í Hróarsholti var svo med lands-
höfdingjabrefi 27. februar 1902 aflögd, og sóknin
lögd til Hraungerdis.
Áfram er Gaulverjabær prestssetur ad lögum og
vild, bar hátt í þéttbýlli sveit „því sídur eru
eydijardir her, ad flestum jördum er of mjög
skipt í sundur í tvíbyli og þríbýli vegna
fólksfjölgunar" segir í ádur áminnstri sóknar

lýsingu séra Jakobs Árnasonar, en hann sat
stadinn lengst allra þeirra presta, sem þar er getid,
eda 56 ár, ad vísu med adstodarmanni sídustu
16 árin, ad því er virdist.
Séra Magnús Gudjónsson nafngreindi í erindi sínu 1959 og gardi
grein fyrir fjölda þeirra markispresta er stadinn
hafa setid. Hés nozir ad geta þeirra er komu
á eftir er Jakobi Árnasyni. Þá séra Pál Ingimundsson
1856 til 1879 og hafdi rannar verid adstodarprestur
hér þau 16 ár er ádur getur, svo ad embottisár
hans urdu 40. Þá kemur séra Páll Sigurdsson
1880 til 1887 „öllum harmdauda" - dó af slysförum,
var af leikmönnum talinn vera úr lidi um hné og
adgerdum hagad samkvæmt því, en þegar Schierbeck
landlæknir loks var séttur, reyndist madurinn lærbrotnar
rétt ofan vid hnéd, blódeitrun þegar fyrir hendi, og réd þad
úrslitum. Næsti prestur er séra Jón Steingrímsson, 1887 til 1891. Hann var séra Jón sem stód fyrir
byggingu hins mikla íbúdarhúss, sem en standur þó
fallid sé úr nothum - í bili ad minnstakosti.
Sonur séra Jóns, Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri, gaf, sem ýmsir muna útbúnad til ad
hita kirkjuhúsid med rafmagni. Næsti prestur
er séra Ólafur Helgason 1891 og aftur 1903, en
sat ad Stóra-Hrauni. Séra Ingvar Nikalasson
er þarna tíu ár, 1893-1902, en fær lausn vegna heilsubilunar. Sídastur presta, er sat og þjónadi Gaulverjabæ
bæ sem stadarprestur var séra Einar Pálsson,
veittur Gaulverjabær 23. nóvember 1903, kemur þangad

frá Hálsi í Fnjóskadal vorið 1904, ástsoll og virtus prestur.
En nú gerist óvontur atbarðus í sögu þessa merkisstaðar, sem um alda raðir hafði verið áhrifamesta miðstöð menningarlífs í lágsveitum Árnessýslu. Staðar, sem elþýðamanna hafði sótt til andlegan styrk ~~í~~ sála sinni, og leiðsögu til úrlausnar um baráttu hins daglega lífs.
Með lögum frá 16. nóvember 1907 var Gaulverjabojarprestakall lagt niður, og lagðist þá Villingaholtssókn til Hraungerðisprestakalls, en Gaulverjabojarsókn til Stokkseyrar. Séra Einar Pálsson fór þegar á nosta vori, þó ekki vori honum það skylt, því breytingin var miðuð við það „er brandið losnaði nost".
Gaulverjar bruzdust ókvoða við, og gerðu árangurslausa tilraun um „að láta slá upp prestakallinu" eins og séra Magnús Ludjónsson komst að orði í áður nefndu erindi sínu, sem var sama og að lagaákvoði þetta komi ekki til frammkvæmda, en þeirri beiðni var vitanlega synjað. Á héraðsfundi Árnessprófastsdæmis „var reynt að miðla málum ...., en af þessu gat ekki orðið", og en segir séra Magnús Ludjónsson: „þessvegna sagði söfnuðurinn á timabili skilið við þjóðkirkjuna og stofnaði Fríkirkjusöfnuð. Var það eins og skjöl herma 5. nóvember 1908 og fram til ársins 1916." ~~segir enfremur í sömu himi~~

~~og enfremur~~ prestur hans var rádinn Runólfur Runólfsson" segir í sömu heimild.
Ekki efast ég um að séra Magnús hafi haft skriftleg gögn fyrir þessari dagsetningu ~~um~~ um stofnun Fríkirkjusafnaðarins, og hún er vafalaust rétt, en fokið á kirkjunni varður þess valdandi að framkvæmdir allar á vegum og í nafni Fríkirkjusafnaðarins dragast á langinn um eitt ár, enda orið starf að endurreysa kirkjuhúsið, en það er gert á vegum safnaðarins og undir umsjá sömu manna og síðar eru í forustuliði Fríkirkjusafnaðarins.
Séra Gísli Skúlason á Stóra-Hrauni er nú sóknarprestur Gaulverjabæjarsafnaðar og þjónar braudinu það sem eftir er árs ~~ár~~ 1908, eftir að séra Einar Pálsson fer, og hann tekur manntal um haustið, enda er þett enþá innan þjóðkirkjunnar. Það er fyrst 11. september 1909 að stjórn hins nýja Fríkirkjusafnaðar kemur því í verk að segja söfnuðinn úr þjóðkirkjunni. Ég bladaði lítilleg í brefasafni Árnesprófastsdæmis frá þessum tíma ~~og þar~~ einsog það þá lá fyrir á handsskjalasafninu ~~og nánt þar ágotvar fyrirgreiðslu safnvarðarins hr. Adalgeirs Kristjánssonar, því ég er ekki vanur safna vinnu af neina tagi~~. Þarna varð á vegi mínum svohljóðandi bréf: „Háttvirti herra biskup. Hérmeð kunngjörist yður að sóknarmenn Gaulverjabæjarsóknar hafa tekið sig saman um að stofna kirkjufélag úton þjóðkirkjunnar samkvæmt

lögum frá 19. febrúar 1886 og hafa núþegar kosið séra Runólf Runólfsson fyrir prest til hins áminnsta kirkjufélags, sem verður leitið staðfestingar á til stjórnarráðsins.
Í tilefni af þessu viljum við undirritaðir fulltrúar kirkjufélagsins hérmeð gefa yður til kynna sem öðsta yfirmanns þjóðkirkjunnar, að meðlimir þessa nýstofnaða kirkjufélags, sem eru allir sóknarmenn Gaulverjabojarkirkjusóknar, eru gengnir úr þjóðkirku landsins samhvæmt áminnstum lögum

p.t. Gegnishólaparti 11. sept. 1909

Halldór Ó. Sigurðsson, Ásni Simonarson

Guðmundur Þorkelsson, Ólafur Guðmundsson
Guðmundur Hannesson."

Það ber að taka fram, til þess að koma í veg fyrir misskilning, að þó þeir félagar undirstriki orðið allir í setningunni „sem eru allir sóknar-
... Gaulverjabojarkirkjusók...." þá er það

lögum frá 19. febrúar 1886 og hafa núþegar kosið séra Runólf Runólfsson fyrir prest til hins áminnsta kirkjufélags, sem verður leitið staðfestingar á til stjórnarráðsins.
Í tilefni af þessu viljum við undirritaðir fulltrúar kirkjufélagsins hérmeð gefa yður til kynna sem oðsta yfirmanns þjóðkirkjunnar, að meðlimir þessa nýstofnaða kirkjufélags, sem eru allir sóknarmenn Gaulverjabojarkirkjusóknar, eru gengnir úr þjóðkirku landsins samkvæmt áminnstum lögum

p.t. Gegnishólaparti 11. sept. 1909

Halldór Ó. Sigurðsson, Ásni Símonarson

Guðmundur Þorkelsson, Ólafur Guðmundsson
Guðmundur Hannesson."

Það ber að taka fram, til þess að koma í veg fyrir misskilning, að þó þeir félagar undirstriki orðið allir í setningunni „sem eru allir sóknarmenn Gaulverjabojarkirkjusóknar" þá er það ekki sama og allur söfnuðurinn, því Gísli Brynjólfson bónd á Hrútsstöðum, síðar að Hangi, þá með 7 manns í heimili, að honum sjálvumeðtöldum, hann gekk aldrei í Fríkirkjusöfnuðinn. Er þetta glögglega tekið fram í manntali Fríkirkjusafnaðarins, með rithond sr. Runólfs

það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir
því nú þegar, að safnaðarstofnun sú, sem hér
er verið að tikynna, og á máli löggjafans heitir
tetanþjóðkirkjusöfnuður, en í ohnennu máli
nefnist Fríkirkja, eða Fríkirkjusöfnuður, að þessi
safnaðarstofnun á ekkert skyllt við þau Frí-
kirkjufélög önnur sem áður og síðar hefur
verið stofnað til í þessu þjóðfélagi. Í öllum
slíkum tilfellum öðrum hefur slíkt gerst í
beinu framhaldi af prestskosningu, og ein-
hver hluti viðkomandi safnaðar hefur ekki
sætt sig við niðurstöðuna, og þá stofnað til
annars safnaðar og kallað til þann prest er
þeir óskuð að fá til starfa. Engu slíku er
hér til að dreifa. Gandverjar risa upp gegn
löggjafanum. Þeir neita því að frá þeim sé tekinn
sómi sveitarinnar, stórbóndinn á höfuðbólinu,
glosiheimlið, forusta sveitarfélagsins, boði heima
fyrir og útávið. Allt það sem þeir höfðu litið upp
til. Þeim var boðinn gloslegasti prestur sveitíðar-
innar, gáfaður og hámenntaður maður, röðumaður
ágotur. Kirkirkjunnarmaður, sem flutti kærleiks-
boðskap krists. En þetta duglí ekki til. Hann
var ekki búsettur í sveitinni, var ekki einn af
þeim. Er of djarft til orða takið að segja að
þarna hafi fyrsta sinni eftir sidskipti verið
gerð tilraun um aðskilnað ríkis og kirkju? óvitanti
þó, ég held ekki.

Gudspjónustuhald í Gaulverjabæ árid 1909 hlítur ad hafa legid nidri, en tilfallandi aukaverk, parmed ferming, unnin af sóknarprestinum, séra Gísla Skúlasyni, og pad er hann ~~sem~~ sem vígir hid nýreista Gudshús 21. nóvember, ~~[illegible]~~.
En nú tekur Frikirkjusöfnudurinn vid. Stofnfundargerd pá er séra Magnus Gudjónsson vitnar til, dags. 8. nóv. 1908, hef ég ekki séd. En fundagerdabók safnadarins sem vardveist hefur hefst med fundargjörd dags. 30. nóv. 1909. Er sú fundargjörd merkt sem 1. fundur, og er fundurinn haldinn sem „safnadarfundur í Gaulverjabæjarkirkju" Fundarstjóri var kosinn Halldór Ó. Sigurdsson Gegnishólaparti, ritari Jón Jónsson Hofsstadum. „Pessi mál gjördust: 1. Hasnar upp prentadarreglur til fyrirmyndar fyrir hinn nýstofnada frikirkjusöfnud, grein fyrir grein, og ~~[illegible]~~ útpýdti presturinn sira Rúnólfur pær á ýmsan hátt. Fundurinn var peim reglum sampykkur.
2. Sampykt var ad presturinn fengi í laun nestkomandi ár 1000 - eitt púsund - krónur og par ad auki fyrir pau aukaverk, er hann gjörir hjá peim sem eru utan safnadarins nú, en frá pví hann kom hér í haust, og til fardaga 1910 fær hann 500 - fimmhundrud - krónur og par ad auki verdur borgud húsaleiga fyrir hann, fyrir pennanan tíma," eins og segir í fundargjördinni. Fimm menn eru kosnir í safnadarstjórn, ~~og er petta er pett allvel sóttur fundur pví sá peirra er flest fær~~

~~atkvæði, er kosinn með 42 atkv.~~

Kosningu hlutu:

Halldór Ó. Sigurðsson, Gegnishólaparti með 42 atkv.
Sira Runólfur Runólfsson, Gaulverjabæ - 38 -
Einar Einarsson, Brandshúsum - 33 -
Árni Árnason, Arnarhóli - 31 -
Bjarni Halldórsson, Fljótshólum - 25 -

Á næsta safnaðarfundi, þann 16. mai 1910, og sagðus er all fjölmennur, gerir prestur þá kröfu að hann frá næstu fardögum vildi fá í kaup fyrir árið, ~~frá næsta fardögum~~, þann lögbodna nefskatt, 1.50, af hverjum 15 ára meðlim safnaðarins, sem nú er eða veða kann framvegis, og enfremur borgun fyrir öll aukaverk sem hann gjorir" - auk þeirra umsömda 1000 króna

„Þettas tilbod var samþykkt."

*) líklega fallið undir Gaulverjaba, 4.76 hundur í maí 1861.

~~Hann, hafa þetta goldist, en um það verður talið síðar.~~

Um þessar mundir er kýrverð um eða rétt undir hundrað krónum, og má af því ráða um kjör þau er prestur bjó við – hafi þetta goldist. Presti hafði til bráabirgða verið fengið húsnæði í Gaulverjaba, en á þessum fundi, þann 16. maí 1910 er ákveðið að sjá prestinum fyrir húsnæði, með byggingu „eða húsnæði á einhvern hátt", eins og í fundargjörð segir. Safnaðarstjórn og hreppsnefnd falið að ráða framúr þessu. Sex dögum síðar, eða þann 22. maí 1910 er bókaður 3. fundur safnaðarins, og er það safnaðarnefndin og hreppsnefnd með sameginlegan fund um húsbyggingarmálið, og komist að þeirri niðurstöðu, og í „samráði við bóndann í Gaulverjab og með hans leyfi" að byggja í sumar og hið fyrsta sómsamlegt ~~hús~~ íbúðarhús á Gardhúsalóð handa presti" – Gardhús var eyðibýlt*) þetta verð að framkvæmd undir stjórn Sigurðar Magnússonar, þess sama og kirkjusmíðinni stjórnaði og er prestur og frú ~~[illegible]~~ ásamt vinnukonu skráð til heimilis í Gardhúsum við manntal 1910. Fjáröflun til byggingarinnar í Gardhúsum: er þessi í yfirlitsreikningi fyrir árin 1910 til 1913 er fort til gjalda: Byggingarefni á Gardhúsum og smíðakaup kr. 1829.16. þetta er jafnað með lántöku við Sparisjóð Árnessyla

krónur 1.300.00, og sú skuld endurgreidd að kr. 1.200.00
með lántöku í Veddeild Landsbankan kr. 1.300.00
Við þá forslu er skrifað innan sviga: Gaulverjabojarhrepp
Virðist sem hreppsnefnin á ábyrgð Gaulverjabojar
hrepps hafi raunverulega endurlánað söfnidinum
það sem til þurfti að koma húsinu upp.
Staðfestist þetta í funargjörð frá 24. oktober
1915. Þar segir að borist hafi bréf frá hrepps
nefndinni þess efnis að hreppurinn hafi
orðið að greiða síðustu afborgun af Gardhúsa
láninu og fyrsjáanlega verði svo en, ef ekki
verði aðgert, og hótar að tka húsið í sína
vörslu. Hvað og varð Presturinn tór á nasta
staðfest má telja að prestur hafði 2 kýr, fjekk hag
hjá nágrönnum, sumt gefið, annað vyppi gjöld.

krónur 1.300.00, og sú skuld endurgreidd að kr. 1.200.00
með lántöku í Veddeild Landsbankan kr. 1.300.00
Við þá forslu er skrifað innan sviga: Gaulverjabøjarhrepp.
Virðist sem hreppsnefnin á ábyrgð Gaulverjabøjar
hrepps hafi raunverulega endurlánað söfnuðinum
það sem til þurfti að koma húsinu hrepp.
Staðfestist þetta í funargjörð frá 24. oktober
1915. Þar segir að borist hafi bréf frá hrepps
nefndinni þess efnis að hreppurinn hafi
orðið að greiða síðustu afborgun af Garðhúsa-
láninu og fyrsjáanlega verði svo en, ef ekki
verði aðgert, og hótar að tka húsið í sína
vörslu, hvað og varð. Presturinn fór á nasta
sumri, og er söfnuðurinn í ansarslitrunum.
Það er dálítið erfitt að átt sig á reikningum
safnaðarins. Þeir færa ekki efnahagsreikning,
blanda föstum lánum saman við rekstrarreikn-
ing og færa svo óraunhæfar tölur á mót og kalla
„til jafnvogis á móti gjaldalið a.b. og c." og fá þannig
jöfnuð í bókhaldið. Furðulegast er þó að umsamin
laun til prestsins, kr. 1000, eru aldrei færð
til gjalda. Þeir hafa hreinlega svikið gefið
loserð. Þetta sannast af bókun á safnaðarfundi
16. maí 1910, þegar rott er um húsbyggingu, þá býðst
prestur til að borga fyrir viðunaði húsnæði 120 krónur, fái
hann þar fyrir lofuðu 1000 krónur.
Og aftur 26. okt. 1911. „Samþykkt laun prests frá far-
dögum 1912 til fardaga 1913 sé nefskatturinn og
og ákveðin borgun fyrir öll aukaverk, sem hann
gjörir í söfnuði og hann að gjöra uten safn-
aðar." Húsaleigunni, sem ekki varð nema 40 krónur
er um leið aflótt. Nú eru 15 ára og eldri 340 til 255 og verða
kr. 1.50 af hverjum gjaldanda
launin þá ekki há. Prestur virðist innheimta þetta sjálvur
þvi það er aldrei fært í gegnum bókhald safnaðarins

~~[illegible]~~ Ordfort ad fokka messum, en prestar ákvedur messu hvorn helgan dag, þegar vedur leyfir.
Árid 1912, mánudag 25. nóvember er haldinn lögbodin safnadarfundur. Fundurinn virdist illa sóttur, deilt um „réttmæti" fundarins og kosningu safnadarstjórnar frestad.
Á þessum fundi baud prestur uppá barnagudsþjónustur, ~~[illegible]~~, og taldi til gódz. þessu virdist ekki hafa verid sinnt, en 1. nóv 1914 er messum fokkad ~~[illegible]~~ til helminga.
Sumarid 1915 er biskupinn, hrra þórhallur Bjarnason á vísitasíuferd og gerir athugasemt um kirkjugadinn, telur hann þurfa lagfæringar vid. Vorid 1910 ~~[illegible]~~ vitadi sr. Runólfur til biskups og bad um fermingarleyfi fyrir börn sem ekki voru ordin fullra 14 ára, en til þess þurfti þá biskupsleyfi. Biskup svaradi því til ad um Utanþjódkirkjusöfnud gilti sú regla ad þeir ákvedu þetta sjálfir, þó æskilegt væri ad þeir sem ~~[illegible]~~ halda „sömu ~~messuformog~~ trúaratridum og helgisidum, sem þjódkirkjan, hélda og reglum hennar um fermingu, en skiljanlega er þad ~~[illegible]~~ ogi annad en ósk af minni hálfu" segir í brefi biskups.
Zvindi biskups ad Gaulverjabæ hefur ad þessu sinni verid ad líta eftir grafreitnum og kirkjunni, þó kirkjan væri í eigu safnadarins.
Byggingarlán hennar vegna í kirkjusjódi, tæpar 2000 kr. stóðu þeir alltad í skilum med

Vilji maður með velvilja skoða viðbrögð þeirra Gaulverja þegar löggjafinn tók af þeim staðarprestinn 1907, og það sem síðar gjörðist, er auglýst að þeir hafa tuist við að söfnuðurinn í Villingaholtssókn fylgdi þeim úti afintýrið.
Í brefasafni biskup er svohljóðandi bréf frá safnaðarfulltrúa Villingaholtssóknar, hr. Guðmund: Guðmundssyni í Vólugerði, dags. 26. júní 1909:

„Háttvirti herra biskup!
Það eru hérmeð vinsamleg tilmæli viðyður, að þér vildud svo vel gjöra, og gefa mér þær upplýsingar sem þér getið, um mann þann sem nú bíður sig fram sem prestur að Gaulverjabæ, Runólfur að nafni. Er hann prestvígður? er hann rétt trúaður kristin maður? og enn fremar það sem þér vitið um ætt hans og uppruna.
Hér í Villingaholtssókn fær hann vist ekkert fylgi, við erum vist flestir hjartanlega ánægðir með þann prest er við höfum nú. En við höfum ekki frið fyrir áleitni sóknarnefndar í Gaulverjabæjarsókn. Gefið okkur því ráð til að smittast ekki af þeim.
Vonast eftir svari um hol.
Með mikilli virðingu"
Svar biskups fannst ekki, við fljótlega athugun, en tölverð bréfa skifti, bæði úr Villingaholts- og Stokkseyrarsóknum vegna fráhvarfs einstiklinga úr þeim sóknum til

~~*) 7 heimili med 20 manns, [illegible] á Stokksegri~~

safnaðarins í Gaulverjabæ, undirbod Gaulverja um sóknargjöld og skyldar manna við sinn heimasöfnuð, ~~og~~ afnot af grafreit 1/o. fl. ~~þannegjarn 1914 *) 20 Stokksegringar skráðir í söfnuði Gaulverjabæjar og 6 heimili úr Villingaholtssókn.~~ En ~~þessu leiðu ógnaðist~~ þettar leystist með bréfi Stjórnarráðsins til forstöðunefndar utanþjóðkirkjusafnaðarins í Gaulverjabæjarsók frá 24. mai 1910, svo hljóðandi:

„Með bréfi dags. 9. J.m. hafið þér skírt frá því að menn úr nágrannasóknum hafi óskað eftir því að ganga í utanþjóðkirkjusöfnuðinn í Gaulverjabæjarsókn, og hafið þér því farið þess á leyt að safnaðarsvæðið væri rýmkað þannig að menn úr nágranna sóknunum megi ganga í utanþjóðkirkjusöfnuðinn.

Útaf þessu skal yður til ~~kynnt~~ vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir söfnuðinum að Stjórnarráðið samþykkir að takmörk safnaðarsvæðisins nái, auk Gaulverja ~~safnaðarsvæðisins~~ bæjarsóknar yfir Villingaholts- og Stokksegrar-sóknir.

En þetta duzir ekk til. þáttakan er of lítil, og safnaðarstjórnin óraunsæ, of væg í innheimtu eða álögum til að bera uppi kostnaðinn við rekstur safnaðarins. Samt mögla einstakir menn. Títh árið sezist prestur ekki fá nemn 50 aura af

hverjum safnaðarmeðlim á Stokksuyri, og svo fara þeir að tínast burtu. Sama er að segja um Jartamum, ~~sem annars hélda höpinn~~. Þegar litið er yfir söfnuðinn sem heild, er þetta fátokt samfélag, ~~með undantekningum þó~~. Þröngbýlt og búin smá, með undantekningum þó. Þetta eru bestu ár Rjómabúsins á Bangstöðum, svo að eitthvað er í umferð af peningum, en þarfirnar eru margar, og áhuginn líkleza dvínandi. Það er ekki mikil reysn yfir síðustu fundargjörð þessa safnaðar, en hún er dagsett laugardaginn 21. október 1916. Safnaðarfulltrúi er þá Einar Eyjólfsson að Sljettaböli, „lýsir hann þar yfir að söfnuðurinn sé prestslaus, og hallast að því að söfnuðurinn gangi í Þjóðkirkjuna" 4 stydja þá hugmynd, en engin studningur ~~kemur fram~~ um framhaldandi Frikirkjustarfsemi. — — —

Hvað vard um Gardhú? Þó það komi frikirkjusöfnuðinum ekki beint við, er óþarfi að láta þá vitneskju glatast, fyrst hún er fyrir hendi. Við manntal 1916 eru Gardhús eud. Vorið 1917 flytur þangað Halldóra Sigurðardóttir, 56 ára, ekkja eftir Tómas Magnússon bóna í Efri-Gegnishólum og þá með börnum sínum 3, 15 til 26 ára „vinalegt hús, somilegt rými, okkur leið vel hjallari". Árið 1921 flytur fjölskyldan að Brandshúsum, setur húið Sigurði bóna í Háfshól ~~fyrir 16 hundruð krónur~~ sná-

sem reif ~~[illegible]~~ pad og flutti á vögnum heim til sín.
Sölnvedid var sextín hundrud krónur.

x) en það var hans fyrsta ferminger athöfn í þessum söfnuði.

En hver var Runólfur Runólfsson.
Um sséra Runólf veit eg alltof lítið til þess að það sé á borð berandi fyrir þessa virðulega samkundu. Þó á ég um hann nokkrar persónulegar minningar, því ég var einn meðal 15 ~~þeirra~~ barna, 8 drengir og 7 stúlkus, er sr. Runólfur ~~fyrst~~ fermdi, vorið 1910.x)
Það fyrsta sem eg man eru frœðslufundir sem sr. Runólfur hélt á heimili sínu veturinn sem hann var í Gaulverjabæ, þétt setin stofa og þangt loft, og hlýtur faðir minn að hafa var með í ferðum. Prestur sagði frá lífskjörum manna Vestanhafs, og það, að ég man eftir þessu, byggist á þvi, einu að hann mismælti sig nokkrum sinnum, notaði ensk orð, en Valgeður kona hans var viðstödd og leiðrétti málið. Að lokum var sungið ~~og spilað prestur~~ og leiddi prestur söngin með því að leika á harmóniku.
Séra Runólfur var ~~[illegible]~~ tæpur meðalmaður á hæð, kvikur á fóti grannholda, spengilegur, ~~og~~ þunnur á vanga bar sig vel, hafði grófa skeggrót, og bar gróft yfirskegg.
Raddstyrkur var mikill, bæði í rœðu og tóni. Talað blaðalaust, hörfði hátt, flutti mál sitt skörulega og hiklaust eins og sá sem veit hvað hann er að tala um. Viðrœðugóður og frœðandi Hann gekk ætíð vel til fara, var í svörtum klæðisfötum, jakkinn ádskorinn í mittið og náði niður á mitt læri. Frúin var ~~lægri~~ af líkri hæð virkjamikil og vel í holdum, ~~[illegible]~~ bimaðurinn framandlegur.

Ég er ekki fór að dæma um það hversu samband hans við söfnuðinn, eða kynni, voru náin, þó held ég að hann hafi verið elskaður og virtur ~~af söfnuðinum~~, og kirkjusókn var með ágóta. Ég hef um þetta nokkra vissu, því að í tvö ár eftir ferminguna fór ég til kirkju hvern helgann dag, og þá jafnan í samfylgd með föður mínum. Svo slitnaði þráðurinn. Ég fór að heiman vetrarlangt og huzurinn hvarf að öðru.

Með séra Runólfi burst ferskur blær, framandi menningar, sem ekki hlaut að öðluleyti hljómgrunn meðal þeirra, er fjær stóðu. Safnaðarfund ir byrjuðu með sálmasöng og enduðu með því að lesið var úr ritningunni og fáðirvorið að síðustu. Svo var það harmonikan og orðasveimur um tengsl við Mormonisma. Ég komst ekki hjá því að heyra skopast að presti, og þó að mér félli það illa, verð ég að játa að ég var aldrei sá maður að taka svari hans.

Um ~~samtíðar~~ nágranna presta, sem óneitanlega höfðu af meiri menntun að státa, held ég að ekki sé ofsagt, að þeir sýndu séra Runólfi fullkomna fyrirlitningu. Gömul kona úr nágranna sveit óskaði eftir að sr. Runólfur taladi yfir sér dauðri. Hann mátti tala af kirkjugólfi, en var neitað um að tala úr kórdyrum. Foreldrar mínir voru þarna viðstöð, hvort um sig, að mínu mati, dómbor um það sem þarna fór fram, og voru þau sammála um það að sr. Runólfur

hefði að fullu haldið sínum hlut. – – –
Ég verð ofurlítið að segja ykkur frá ferminga-
undirbúninginum. Strags um haustið 1908, þegar
prestur var sestur að, kallaði hann okkur fyrir
sig, börnin sem áttu að fermast þá um vorið
og tók að kenna okkur kristin fræði. Við lærðum
Helgakver, og 12 eð 15 sálma, og auk þess held
ég að hann hafi ~~farið~~ talað meira og minna um
guðspjöllin, enkum dæmisögur Jesú Krists.
Nú var það svo um mig að ég hafði alist upp í
þessu sama andrúmslofti, var því ekki með öllu
ókunnur. Ég hafði heyrt um mögulaika
ríksmanns til þess að komast í himnarík,
klifjaðan asna, nálarauga. Þetta var lengi
búið að liggja sem þung byrði á huga mínum,
það olli mér áhyggjum. Ég þekti ekki annað
nálarauga en úr nálhús móðurminnar. Klifjaðan
asnå! Ég sá enga leið til að komast í gegn, og
því er ósvarað enþá. En mikið létti mér á vor-
dögum 1910 þegar séra Runólfur í spurninga-
tíma sagð okkur að „nálaraugað" vori hlið
á múrvegg Jerúsalemborgar, ætlað gangandi
mönnum sem leið ættu til eða frá Oliufjallinu.
Ég sagði sóknarpresinum mínum nýlega frá ~~þá~~ þessari
umþenkingu minni, og lítur síðar fyrverandi
sóknarpresti. Báðir vissu um göngulhlíðið, sem
nefnt er nálarauga, en hvorugt hafði gert það að
umtalsefni. – –

Runólfsson

Séra Runólfur var foddur 10. júlí 1853. Runólfur fodir hans bjó í Stóragerdi í Vestmannaeyjum, foddur 22. febrúar 1818, dáinn 20. mars 1894, Magnússon Nikulássonar í Búdarhjáleigu í Landeyjum.

Kona séra Runólfs var Valgerdur Nídsdóttir, fodd 27. mai 1847 í Hólmahjáleigu, fluttist med födur sínum til Vestmannaeyja. Valgerdur var af Víkingslokjarott, en um mílifandi frondfólk sr. Runólfs veit ég ekki. Þau hjón, sr. Runólfur og Valgerdur eignudust 9 börn, og esu 5 þeirra enná lífi 1910, öll í Vesturheimi.

Séra Runólfur flytur med fjölskyldu sína til Vesturheims 1881 og sest ad í Utah. Hann tók Mormónatrú heima í Vestmannaeyjum og voru hog heimatökin um þau frodi, því módurbródir Valgerdar Nídsdóttur var Gudmundur Gudmundsson gullsmidur og Mormónatrúbodi ~~í Vestmannaeyjum~~. Þar. Hversu alvarlega sr. Runólfur hefur tekid þessi frodi verdur ekki vitad, ed ognud þau honum adeins leid til firirheitnalandsins, sem Vesturheimur ónútrulega var mörgum Íslendingi um þessar mundir? Hitt er vitad, ad fljótlega eftir ad vestur kom yfirgefur hann þau frodi og er ordinn lúterskur prestur eftir rúma 10 ára veru vestra. Í Vesturíslenskum oviskrám segir um sr. Runólf: „Runólfur las lúterska gudfrodi heima hjá sér í

Spanish Fork um þriggja ára tímabil.
Var hann yfirheyrður öðru hvoru í þeim
frœðum af presti eða biskupi í Pravo City
og gekk að lokum undir próf, sem hann
mun hafa staðist vel, því hann var vel
gefinn, en þótti af sumum ekki fastur í
skoðunum. Kunna hin fyrri trúskifti hans
að hafa valdið því áliti. Hann varð lúterskur
prestur í Spanish Fork um 1891 en vígður
í nóvember 1892 ásamt hinni lútersku kirkju
sem þá hafði nýlega verið reist. Síðar var
hann prestur austur við haf í New Jersey,
vestur við haf í Ballard (Seattle), heima á
Íslandi að Gaulverjabæ í Árnessýslu, við
Skjaldborg í Winnipeg og líklega víðar." Til-
vitnun lýkur.
Það er vitað að fæstir íslendingarna sem
vestu fluttu á öldinn sem leið báru við
belti digra sjóði fjármuna. Hitt er jafn
auglýst að þrent annað vermæta fluttu þeir með
sér. Í fyrstalagi manndóm ættstofnsins,
í öðru lagi nýjatestamentið og í þriðjalagi
Passíusálmana. Það varð því næst fyrir hendi
eftir að menn höfðu komið upp þaki yfir höfð
fjölskyldunnar, að sjá fyrir hinum andlegu
þörfum. Til þess þurfti andlega sinnaða
men og velviljaða, sem einhverja frœðslu höfðu
hlotið í kirkjulegum frœðum, en háskólagengnir
menn sjaldnast fyrir hendi, þau árin.

Á þessum bylgjufoldi berst séra Runólfur ~~undir dróng~~ í fang lútersku kirkjunnar í Vesturheimi, gerist þjónn hennar þar og hérheima í 30 ár, eða þar um kring.
Þegar heimþráin ber hann aftur að strönd Íslands, seint á árinu 1908, og hann spyr eftir starfi á vegum þjóðkirkjunnar, er biskup svo viðsýnn, sem fram kemur í eftirfarandi bréfi:

Ég veit ekki hvort séra Runólfur sótti um starf það, er um ræðir í bréfi biskups, en það er víst að það fell ekki í hans hlut.
Gaulverjabær varð hans hlutskipti, ~~sin~~ eins og lítilleg segir frá hér að framan.
Séra Runólfur hefur ekki verið snauður maður þegar hann bar hér að garði því hann bíður ~~hér~~ heilt ár eftir starfi, án þess að vitað sé um tekjustofn. Einn mann visi ég sækja ham heim í ensku tímum - þá í Sauk.

Í áðurnefndri sóknarlýsingu séra Jakobs Árnasonar segir undir liðnum Trúrækni: „Fólkið sækir vel kirkjuna, og trúrækni fer fram" Ég hygg að núverandi sóknarprestur vori reiðubúin að staðfesta þessa umsögn og bætti þar við samhjálp og félagshyggju. Megi svo verða um ókomin ár.

30.10.08 það tilkynnist yður hérmeð, velarav. hr. að Stjórnarráðið hefir nú eftir tillögum ~~[illegible]~~ minum fallist á að prestsvíxla yðar, sem þér fengið í Bandar. í Vesturheimi hjá General Council hinnar evangelisku-lútersku kirkju þar, skuli metin svo, að þér teljist gildur umsækjandi um hina auglýstu prestsþjónustu við holdsveikraspítalann í Hangarnesi, og að þér megið, ef þér hljótið þá sýslan, framkvæma þau prestsverk, er fyrir kunna að koma við spítalann, önnur en hjóna víxlur.

30.10.08

og kotstr.

Kirkjuvíxla að Gaulv.-bréf vrt. 1225, 1226, 1227, 1287



Vaulverjabor varð hans hlutskipti, ~~sig~~ eins og litilleza segir frá hér að framan.
Séra Runólfur hefur ekki verið snaudur maður þegar hann bar hér að garði því hann bíður ~~hér~~ heilt ár eftir starfi, án þess að vitað sé um tekjustofn. Einn mann visi ég sokja ham heim í ensku tímum - þá í Gaulv.

Í áðurnefndri sóknarlýsingu séra Jakobs Árnasonar segir undir liðnum Trúrokni: „Fólkið sokir vel kirkjuna, og trúrokni fer fram" Ég hygg að núverandi sóknarprestur vori reiðubúin að stuðfesta þessa umsögn og bætti þar við samhjálp og félagshyggju. Megi svo verða um ókomin ár.